

Skólaráðsfundur, nóv. 2016

1. Starfsmenn og nemendur.

9 nem á leikskóla – nýir foreldrar, aðeins 2 börn sem eiga eldri systkini. 40 nem í grunnskóla með Piu og 12 starfsmenn. Fjöldinn virðist ætla að halda sér – en 6 nem fara út í vor og vítað er um 2 sem koma inn.

2. Brúin - þróunarverkefni.

Erum á örðu ári. Í lok síðasta skólaárs funduðu starfsmenn og eins með nemendum. Þá kom fram að gott væri að hafa nokkra fasta punkta, þetta höfðum við í huga í haust – yfirhöfuð ánægja í skólanum.

Ingvar kom í heimsókn til okkar, tók út stöðu þróunarverkefnisins og gaf okkur góð ráð. Formlega lýkur verkefninu næsta haust. Ingvar fundaði með starfsfólki og einnig með mið- og unglíngastigi. Hann var ánægður með fundina með nemendum – þeir voru málefnalegir, ánægðir og meðvitaðir um hugmyndafræðina. Hugmynd um lengri tíma fyrir verkefni, kannski skemmtilega að dreifa kynningunum. Nemendur vilja jafnvel fá að hafa puttana í því hvaða verkefni verða fyrir valinu í stýrðu verkefnum. Ingvar á eftir að skila inn greinargerð sem við getum nýtt í lokaskýrsluna fyrir styrk til verkefnisins. Hann ætlar líka að skrifa grein í blað um starfið hér.

3. Fjármál.

Síðasta ár uppgjör 2015 var fínt, á pari. 2016 lítur ágætlega út. Fjárhagsáætlun 2017 lögð fyrir.

4. Matsskýrsla.

Kannanir sem gerðar voru síðasta vetur, búið að leggja þær fyrir fræðslunefnd. Í skýrslunni er útbótaáætlun. Öll yfirlit á heimasíðu skólans.

Nemendakannanir eru gerðar 2x ári – kíkt á niðurstöður úr könnun sem var í október. Er nóg að leggja þessa könnun fyrir 1x á ári? 10. bekkur og elstu nemendur eru búnir að svara ansi oft, því ekki er um úrtak að ræð í skólanum

5. Skólareglur.

Skólareglur lagðir fyrir skólaráð og samþykktar. Þær verða að vera til samkvæmt lögum og eins þurfa að vera til viðurlög.

Rætt um námsráðgjafa, engin þjónusta er við skólann í námsráðgjöf.

6. Viðhald skólans.

Búið að skipta um marga glugga, nýr dúkur á ungl.stofu. Enn vantar margt t.d. ljós í íþróttasalinn. Lítið hefur verið gert sl. 2-3 árin í ljósum. Menn misánægðir með tjörnina, aðgengið ekki nógu gott. Auðvitað eru samt tækifæri líka en mætti gera huggulegra í kringum hana. Mikil drulla og leðja – spurning hvort eitthvað er hægt að gera til að laga það?

7. Staða verkefni.

Grænfáninn – allt eins og það á að vera. Verkefni sem eru orðin fastur punktur í skólanum.

Skólaráðsfundur, nóv. 2016

Heilsueflandi skóli – Nýtt vefsvæði, allir geta farið þar inn, þarf ekki að sækja um.

Bættur námsárangur á austurlandi – innleiðing orð af orði, almenn ánægja með það.

9. Önnur mál.

Fengum ekki LEGO styrk!

Fundinn sátu;

Þórey Eiríksdóttir, Kristín Högnadóttir, Stefanía Malen Stefánsdóttir, Brynhildur Einarsdóttir, Steinunn Snædal og Erna Erlendsdóttir.